

Vöktunaráætlun Kalmanstjörn

Benchmark Genetics Iceland hefur innra eftirlit sem kallast Gæðakerfið. Gæðakerfið heldur utan um alla þætti í framleiðslunni. Til er gæðahandbók, sem er með verklagslýsingar um alla vinnuferla í stöðinni allt frá hreinlæti starfsmanna, flokkanir, bólusetningar, flutning á seiðum, hvernig á að taka meðalþyngd, sótthreinsanir og fleira. Gæðahandbókin er uppfærð reglulega ef þess þarf t.d. ef kröfur breytast frá Umhverfisstofnun eða öðrum.

Gæðakerfið stýrir allri sýnatöku til að fylgjast með mengun í frárennsli, og heldur utan um allar skráningar, t.d. fóðrun, súrefnismælingar, sýnatökur svo eitthvað sé nefnt. Gæðakerfið stýrir öllum viðbragðsáætlunum. Einnig passar gæðakerfið upp á það að allar skráningar séu réttar og eru gerðar 2 úttektir á ári til að fylgjast með að allt sé í lagi á öllum stöðvum og að allar kröfur séu fullnægjandi.

Vöktun með tilliti til umhverfisáhrifa:

Til að fylgjast með vöktun með tilliti til umhverfisáhrifa þá er allt skráð, sýnatökur, fóðrun, afföll, bólusetningar, merkingar, meðalþyngdir, allur flutningur seiða á milli kerja, flokkanir og flutningur á milli stöðva, allar vatnsmælingar eru skráðar og súrefnismælingar svo eitthvað sé nefnt.

Mánaðarlegar skráningar:

Notkun dísel á rafstöðvar, díselnotkun á ökutækjum stöðvanna, skráning á akstri í km fyrir ökutæki stöðvanna, skráning á rafmagnsnotkun, skráning á vatnsnotkun, skráning á flokkum úrgangs í kg (málmar, plast, pappi/pappír, viður, rafmagns/rafrænn úrgangur) *magn úrgangs í landfyllingu*, magn úrgangs í brennslu, magn úrgangs í súrefnisfirrt niðurbrot, skráning vinnuferða í km eftir því hvort um er að ræða flug, sjóferðir, leigubíla, rútur eða einkabíla í þágu vinnunnar.

Notkun efna sem notuð er á stöðvunum er skráð og kemur fram í árlegu yfirliti stöðva sem sent er til Umhverfisstofnunar.

Vöktun vatns:

Fylgst er með losun fosfórs og niturs í frárennsli.

Frárennsli: Gerðar eru mælingar á svifögnum (mg/L), heildarfosfór, heildarköfnunarefni og COD (mg/L) tvisvar á árið við inntak eldis og útrás. Sýni verða tekin þegar áætlaður lífmassi er í hámarki og lágmarki og verður lífmassi í stöðinni skráður niður, fóðurmagn og vatnsrennslið sem var notað þann dag.

Árleg mæling á Cu, Fe, Mn, NO₂, NO₃, Cr í við inntak eldis og útrás

Eldisvatn: Mánaðarlegar mælingar á pH, seltu, CO₂ og hitastigi. Súrefni er stýrt með súrefniskerfi, súrefni skráð daglega.

Ammóníak mælt árlega.

Neysluvatn: Árlegar mælingar á heildarfjölda örvera við 22°C, E.coli og kóliform í Kalmanstjörn.

Vöktun lífríkis: Á fimm ára fresti eru gerðar mælingar á skúfþangi til að athuga mengun. Einnig verða gerðar mælingar á tegundasamsetningu og fjölda lífvera í fjöru. Fyrsta mæling verður eftir að stöðin hefur náð hámarksvexti en fyrir lok ársins 2025.